

L Ö G

93

23. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1958.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1958 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

L Ö G

94

28. des.

um breyting á lögum nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1957, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. málsgrein 4. greinar bætist:

Það fellur á aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, sem undanþegnar eru skattgreiðslu samkvæmt 1. gr., en ekki á aðgöngumiða að dansleikjum, sem undanþegnar eru samkvæmt heimild í 1. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 28. desember 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.